

# *Kvika – ÍSH hs.*

## *Árshlutareikningur 30. júní 2022*

*Kvika – ÍSH hs. · Katrínartún 2 · 105, Reykjavík · Kt. 530114-9960*

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 1 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 2 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Skýringar | 5 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Kvika - ÍSH hs. er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Sjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu markaðssettur fagfjárfestum. Rekstur sjóðsins er í höndum Kviku eignastýringar hf. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu.

Árshlutareikningur sjóðsins er hluti af B-hluta árshlutareiknings Kviku eignastýringar hf. sem inniheldur árshlutareikninga verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra hlutdeildarsjóða og vísað er í þann reikning varðandi ýmsa upplýsingagjöf stjórnar. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tap varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní að fjárhæð 432 þús.kr. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa var neikvæð um 2,3 m.kr. þann 30. júní 2022.

**Horfur í starfsumhverfi**

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa skapast í efnahagslífinu undanfarin ár, fyrst vegna COVID-19 veirunnar og einnig í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Þessir atburðir hafa haft áhrif á eignamarkaði um allan heim. Stjórn og stjórnendur sjóðsins fylgdust vel með þróun COVID-19 faraldursins og innrásarinnar og ráðstöfunum stjórnvalda í þeim efnum. Ávallt er gætt að því að hafa hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Ekki hefur þurft að bregðast við með neinum hætti gagnvart mótaðilum sjóðsins og er ekki búst við að þess þurfi. Áhrif framangreindra atburða eru þó óveruleg í heildina litið og hafa ekki haft áhrif á rekstrargrundvöll eða áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins.

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**

Árshlutareikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstrarfélög sérhæfðra sjóða.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 30. júní 2022 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022.

Stjórn Kviku eignastýringar hf. og framkvæmdastjóri félagsins hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. ágúst 2022.

Hrönn Sveinsdóttir, stjórnarformaður
Óttar Már Ingvason, varaformaður
Andri Vilhjálmur Sigurðsson, stjórnarmaður

Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri

Árshlutareikningur Kviku - ÍSH hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í Kviku - ÍSH hs.**

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Kviku - ÍSH hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2022 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir árshlutareikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 18. ágúst 2022.

**Deloitte ehf.**

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Árshlutareikningur Kviku - ÍSH hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

# Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2022

| | Skýr. | 6m 2022 | 6m 2021 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 6 | 32.251 | 32.949 |
| Vaxtagjöld | 6 | (151.022) | (89.717) |
| Verðbætur | | 121.209 | 58.748 |
| **Hreinar fjármunatekjur** | | 2.439 | 1.981 |
| | | | |
| Umsýsluþóknun | 17 | (1.689) | (1.609) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (1.182) | (928) |
| **Rekstrargjöld alls** | | (2.871) | (2.537) |
| | | | |
| **Afkoma færð á hlutdeildarskírteini** | | (432) | (557) |

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

| | 6m 2022 | 6m 2021 |
|---|---|---|
| Neikvæð hlutdeildarskírteini í byrjun árs | (1.907) | (1.284) |
| | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 0 | 0 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | 0 | 0 |
| **Hækkun á fjármögnunarhreyfingum** | 0 | 0 |
| | | |
| **Neikvæð hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins** | (2.339) | (1.840) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2022

| | Skýr. | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Skuldabréf | 8 | 2.302.124 | 2.213.030 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 9 | 176 | 601 |
| **Fjárfestingar samtals** | 13 | 2.302.301 | 2.213.632 |
| **Eignir samtals** | | 2.302.301 | 2.213.632 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldabréfaútgáfa | 10,14 | 2.287.952 | 2.199.970 |
| Skammtímaskuldir | | 4.170 | 4.170 |
| Aðrar skuldir | | 12.518 | 11.398 |
| **Skuldir samtals** | | 2.304.640 | 2.215.538 |
| **Neikvæð hlutdeildarskírteini** | 16 | (2.339) | (1.907) |
| **Skuldir samtals** | | 2.302.301 | 2.213.632 |
| Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina | | 600 | 600 |
| Gengi hlutdeildarskírteina | 16 | 0,00 | 0,00 |

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

**1. Grundvöllur reikningsskilanna**

Árshlutareikningur Kviku - ÍSH hs. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Sjóðurinn er eingöngu markaðssettur til fagfjárfesta.

Kvika eignastýring hf. er dótturfélag Kviku banka hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Sjóðurinn er í umsjá Kviku eignastýringar hf. og er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

**2. Skattamál**

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

**3. Breytingar á starfsemi sjóðsins**

Í janúar 2022 voru gerðar breytingar á reglum sjóðsins en nafni sjóðsins var breytt í Kvika – ÍSH hs. úr Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH. Þá voru hugtök og lagatilvísanir uppfærð í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

**4. Rekstur og starfsemi**

Sjóðurinn fjárfestir í veðskuldabréfum, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og innlánum auk innlána fjármálafyrirtækja og reiðufé.

Afkoma sjóðsins á tímabilinu var neikvæð um 432 þ.kr. Hlutdeildarskírteini í lok júní voru neikvæð um 2.339 þ.kr. Gengi sjóðsins í lok júní var 0,00.

## Reikningsskilaaðferðir

**5. Matsaðferðir**

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingu á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

**6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld**

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

**7. Erlendir gjaldmiðlar**

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi þann 30. júní 2022. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

**8. Verðbréf**

a. Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í lok júní 2022. Óskráð skuldabréf eru færð með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

b. Gengismunur

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

**9. Innlán hjá fjármálafyrirtækjum**

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum innihalda bankainnstæður hjá fjármálafyrirtækjum með áföllnum vöxtum.

**10. Skuldabréfaútgáfa**

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

**11. Aðrar eignir og skuldir**

Aðrar eignir og skuldir eru vegna óuppgerðra viðskipta í lok júní 2022.

# Skýringar

## Fjárfestingar

**12. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga**

| | | Fjárfestingar | | Fjárfestingastefna | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **30.6.2022** | **31.12.2021** | **Breyting** | **Lágmark** | **Hámark** |
| Veðskuldabréf sem tryggð eru með veði í atvinnuhúsnæði .................. | 100,0% | 100,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% |
| Hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og innlánum ............ | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ............................................................ | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% |
| **Samtals** ........................................................................................ | 100,0% | 100,0% | | | |

**13. Sundurliðun fjárfestinga**

Fjárfestingar þann 30. júní 2022 skiptast sem hér segir:

| | **Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf.** | **Hlutdeildar-skírteini** | **Hlutabréf** | **Annað** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ............................................................ | 176 | | | | 176 |
| Aðrir fjármálagerningar ........................................................................ | | | | 2.302.124 | 2.302.124 |
| **Samtals** ........................................................................................ | 176 | 0 | 0 | 2.302.124 | 2.302.301 |
| | | | | | |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ............................................................ | 0,0% | | | | 0,0% |
| Aðrir fjármálagerningar ........................................................................ | | | | 100,0% | 100,0% |
| **Samtals** ........................................................................................ | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% | 100,0% |

**14. Skuldabréfaútgáfa**

Sjóðurinn hefur gefið út skuldabréfaflokk sem skráður er í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. Flokkurinn hefur auðkennið FISH 14 1 og er verðtryggt jafngreiðslubréf með 3,50% föstum ársvöxtum.

| | **30.6.2022** |
|---|---|
| Skuldabréfaútgáfan greinist þannig: | |
| Staða í ársbyrjun ........................................................................ | 2.199.970 |
| Greiddar afborganir ........................................................................ | (19.687) |
| Verðbætur ........................................................................ | 107.803 |
| Áfallnir vextir ........................................................................ | (134) |
| **Staða** | 2.287.952 |
| | |
| Afborgun 2022/2023 ........................................................................ | 52.883 |
| Afborgun 2023/2024 ........................................................................ | 54.947 |
| Afborgun 2024/2025 ........................................................................ | 56.896 |
| Afborgun 2025/2026 ........................................................................ | 58.913 |
| Afborgun 2026/2027 ........................................................................ | 61.002 |
| Afborganir síðar ........................................................................ | 2.003.311 |
| **Samtals** ........................................................................ | 2.287.952 |

# Skýringar

## Hlutdeildarskírteini

**15. Ávöxtun**

| | 6m 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Raunávöxtun | 0,00% | 0,00% | 0,00% |

**16. Staða hlutdeildarskírteina og gengi**

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina | (2.339) | (1.907) | (1.284) |
| Gengi hlutdeildarskírteina | 0,00 | 0,00 | 0,00 |

## Ýmislegt

**17. Þóknanir**

Sjóðurinn greiðir Kviku eignastýringu hf. umsýsluþóknun sem reiknast sem fast hlutfall af heildareignum.

| | Umsýslu-þóknun |
|---|---|
| Þóknanir | 0,15% |

**18. Laun**

Sjá skýringu 16 í árshlutareikningi Kviku eignastýringar hf. 30. júní 2022.



# Undirritunarsíða

## Hrönn Sveinsdóttir

Undirritað af:
Hrönn Sveinsdóttir
2303675079
Dags: 18.08.2022
Tími: 10:51:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a714cd7b-b62b-4a05-8f25-3ec8a731e732

## Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Undirritað af:
Andri Vilhjálmur Sigurðsson
1012723469
Dags: 18.08.2022
Tími: 10:52:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a714cd7b-b62b-4a05-8f25-3ec8a731e732

## Óttar Már Ingvason

Undirritað af:
Óttar Már Ingvason
1905714089
Dags: 18.08.2022
Tími: 11:08:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a714cd7b-b62b-4a05-8f25-3ec8a731e732

## Hannes Frímann Hrólfsson

Undirritað af:
Hannes Frímann Hrólfsson
2606763779
Dags: 18.08.2022
Tími: 10:49:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a714cd7b-b62b-4a05-8f25-3ec8a731e732

## Pálína Árnadóttir

Undirritað af:
Pálína Árnadóttir
2910734419
Dags: 18.08.2022
Tími: 10:54:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a714cd7b-b62b-4a05-8f25-3ec8a731e732

## Guðmundur Ingólfsson

Undirritað af:
Guðmundur Ingólfsson
1909815339
Dags: 18.08.2022
Tími: 10:54:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a714cd7b-b62b-4a05-8f25-3ec8a731e732